

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2023

Efni: Umsögn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026.

FA fagnar tillögu um aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu. Íslenskunám fer víða fram í samfélaginu.

Verið er að endurskoða lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Mikilvægt er að skilgreina íslenskunám og nám fyrir innflytjendur í nýjum lögum, hlutverk fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, sem og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í málaflokknum. Alls eru fjórtán fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar víðsvegar um landið sem veita ráðgjöf og stuðning til innflytjenda þegar kemur að starfs- og námsmöguleikum. Eins er á meðal þeirra boðið upp á íslenskunám og starfstengd námskeið fleiri tungumálum en íslensku.

Athugasemdir um einstaka liði:

1. Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu

Hér er komið inn á að aðengi íslenskunáms fullorðinna innflytjenda verði aukið með eflingu starfstengdrar íslenskufræðslu og talþjálfunar samhliða starfi. Mikilvægt er að huga að fyrirkomulagi og samræmi aðferðafræði í þessu samhengi til að varða gæðin. Það getur meðal annars falist í því að þjálfarar tungumálamentora innan fyrirtækja og stofnana sem hafa það hlutverk að styðja við innflytjendur þegar kemur að þjálfun tungumálsins á vinnustaðnum ([The use of language mentors to enhance employment in Norway | EPALE \(europa.eu\)](#)) líkt og unnið er að í Svíþjóð og Noregi. Einnig væri gagnlegt að útbúa starfstengda orðalista til að samnýta á milli fyrirtækja og stofnana líkt og Hæfnisetur ferðaþjónustunnar hefur unnið að í samstarfi við atvinnugreinina ([Fagorðalistar - Hæfnisetur ferðaþjónustunnar \(haefni.is\)](#)).

Leggja þarf áherslu á að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskólar bjóði fólki af erlendum uppruna upp á starfstengt nám í samvinnu við atvinnulífið t.d. leikskólaliðann, stuðningsfulltrúann, félagsliðann, námslínu í ferðaþjónustu o.fl., og veita viðeigandi tungumálastuðning. Raunfærnimat er til fyrir allar þessar námsleiðir, en eins og kom fram í niðurstöðum VISKA verkefnisins (<https://viskaproject.eu/wp-content/uploads/2020/02/VISKA-Executive-Summary-for-National-conference-Feb-2020-IS.pdf>) þá er brýnt að gögn séu til á

fleiri tungumálum en íslensku og að í kjölfar raunfærnimats sé kostur á tungumálastuðningi inni í námsleiðum.

Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskólar

2. Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem eru samstarfsaðilar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eru allar viðurkenndir fræðsluaðilar samkvæmt viðmiðum Menntamálastofnunar. Jafnframt eru þær með gæðavottun EQM gæðakerfisins fyrir fræðslustarf ([Gæðaviðmið EQM – Fræðslumiðstöð atvinnulífsins \(frae.is\)](http://GaedaviDMIQEQM-FraedslumiDStoedAtvinnulifsins.frae.is)). Það kerfi gæti nýst sem gæðavottunarkerfi þegar kemur að því að tengja við úthlutun fjármagns.

Þegar kemur að hæfni kennara í íslenskunámi fyrir fullorðna innflytjendur er mikilvægt að huga að kennslufræði fullorðinna, kennslu ólíkra nemendahópa, menningarnæmi, samhengi og fjölbreyttu námsefni.

Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

3. Virkjun Samevrópska tungumálarammans


Hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er framkvæmt rafrænt hæfnimiðað stöðumat sem er tengt Evrópska tungumálarammanum (Studieskolen) <https://www.simey.is/is/moya/page/icelandic-test>

Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og SÍMENNT.

14. Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi

Dæmi um fleiri samstarfsaðila: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

F.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins



Hildur Betty Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri FA